

frá þeim degi til 1. mars 1985, með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1985, af kr. 1.000.958,00 frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. ágúst 1985, af kr. 1.232.558,00 frá þeim degi til 1. september 1985, með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt er að leggja tildæmda dráttarvexti af skuldarupphæð, áfallna eftir 01.02.85, við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1986. Stefndi greiði stefnanda kr. 150.000,00 í málskostnað.

Föstudaginn 16. desember 1988.

Nr. 229/1988. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Atla Björnssyni

(Jón Oddsson hrl.)

Áfengis- og tollalagabrot. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 14. júlí 1988 að ósk ákærða en jafnframt af hálfu ákærvalds.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms að því er varðar sakfellingu, upptöku og sakarkostnað, en jafnframt er þess krafist, að refsing verði þyngd og ákærði dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað.

Ákærði krefst lækkunar refsingar, sem eingöngu verði fésekt, svo og málsvarnarlauna úr ríkissjóði til skipaðs verjanda.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar svo sem segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Atli Björnsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 27. júní 1988.

Árið 1988, mánudaginn 27. júní, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar og Garða, sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 29/1987: Ákærvaldið gegn Atla Björnssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. júní sl., er með ákæruskjali ríkissaksóknara dags. 5.2. 1987 höfðað gegn Alta Björnssyni sjómanni, Hjallabraut 7, Hafnarfirði, fyrir eftirgreind tollalagabrot:

I.

Við komu ms. Sögu I til Reykjavíkur 3. maí 1986 frá Bremerhaven smyglað hingað til lands 240 lítrum af vodka, 18 ¼ lítra flöskum af rauðvini og 360 dósnum af bjór, sem tollverðir fundu falið í skipinu eftir komu þess til hafnar umrætt sinn.

II.

Við komu nefnds skips til Vestmannaeyja 10. júní 1986 frá Averio smyglað hingað til lands 337 ½ lítra brúsum af spíritus (96%), sem tollverðir fundu falda í skipinu eftir komu þess til Reykjavíkur 12. s.m.

Framangreind brot ákærða teljast varða við 60. gr., sbr. 61. gr. og 71. gr. laga um tollheimtu og toll eftirlit nr. 59, 1969, sbr. 2. gr. laga nr. 71, 1976, sbr. 9. gr. laga nr. 46, 1984, 3. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978 og 1. gr., sbr. 15. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf nr. 63, 1969.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á framangreindu áfengi og bjór,

sem lagt var hald á, samkvæmt 1. mgr. 72. gr. laga nr. 59, 1969, 34. gr. laga nr. 82, 1969 og 8. gr. laga nr. 63, 1969.

Ákærður er sakhæfur, fæddur 21. maí 1934 að Jaðri, Bolungarvík, og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

[Í sakavottorði eru tilgreindir átta refsisdómar, þar af þrjár vegna áfengis- og tolllagabrota, og ennfremur tuttugu dómsáttir, þar af sex vegna áfengis- og tolllagabrota.]

Málavextir.

Laugardaginn 3. maí 1986 kom m/s Saga I til Reykjavíkur frá Bremerhaven í Þýskalandi og var þá tollafgreitt. Við tolleit í skipinu, sem framkvæmd var 5. maí 1986, fundust í lokuðum fiskbrettum í neðstu lest 240 lítrar af Van Haupold vodka og við leit sem fór fram 9.5. 1986 í sama skipi fundust í lestarlúgu 15 x 24 ds. Becks öl og í rennusteini í lest 9 x ¼ l af Matheus rósavíni og 9 ¼ l af Salceda rauðvíni, en engu af framangreindu áfengi og öli hafði verið framvísað við tollafgreiðslu skipsins.

Ákærður hefur hér fyrir dómi viðurkennt að hafa verið eigandi að framangreindu áfengi og öli. Hann hafði keypt vodkavínið í verslun á Bilbao á Spáni og greitt fyrir það 156.000 peseta og það verið sent að skipshlið að kvöldlagi, hann híft það um borð og komið því fyrir milli vörubrettanna án þess að aðrir skipverjar yrðu þess varir. Bjórinn hafði hann keypt af skipshöndlara í Antwerpen og greitt fyrir hann um 5.000,00 ísl. krónur, en rauðvínið og rósavínið hafði hann fengið að gjöf í Bilbao. Hann hafði komið björnum, rauðvíninu og rósavíninu fyrir á þeim stöðum, þar sem þessi varningur fannst, á leiðinni frá Bremerhaven til Reykjavíkur. Hann hafði ekki verið búinn að ákveða hvar hann kæmi framangreindum varningi í land, en hann ætlaði vodkavínið til sölu, bjórinn ýmist til eigin neyslu eða til gjafa, en rósavínið og rauðvínið ætlaði hann til eigin nota.

II.

Þriðjudaginn 11. júní 1986 kom m/s Saga I frá Aveiro á Spáni og var þá tollafgreitt 12. júní s.á. Kom skipið til Reykjavíkur og fór þá fram í því leit og fundust þá í sérsmíðuðu hólfi í dekkhúsi bakborðsmegin 337 x 0,5 lítra plastbrúsar af 96% spíra, sem lagt var hald á. Ákærður hefur viðurkennt að vera eigandi að spíra þessum, sem hann hafði keypt af flutningabilstjóra í Aveira og greitt fyrir með um 200 kg af saltfiski sem hann hafði fengið við lestun á ströndinni. Flutningabilstjórinn hafði komið með spírann að skipshlið og ákærður séð einn um að koma honum um borð í skipið og koma honum fyrir í hólfi á dekkhúsinu, sem hann hafði sjálfur

útbúið í þessari ferð. Hann hafði ætlað að setja varninginn í land í Reykjavík. Hann hafði ekki ákveðið hvort hann seldi spirann eða hefði til eigin nota, en meginhlutann ætlaði hann þó til sölu.

III.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða og öðrum rannsóknargögnum er nægilega sannað að hann hefur gerst sekur um að hafa á árinu 1986 tvívegis smyglað til landsins áfengi og öli svo sem lýst er í ákæru og hefur hann með því brotið þargreind refsíákvæði, sem þar eru rétt færð til laga, sbr. þó nú lög nr. 55, 1987 123. gr. sbr. 124. gr. og 135. gr.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 123. gr. sbr. 124. og 135. gr. laga nr. 55/1987 sbr. áður framangr. ákvæði laga nr. 59, 1969 með áorðnum breytingum 33. gr. áfengislaga sbr. lög nr. 52/1978 og 15. gr. laga nr. 63, 1969 og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og sakaferli ákærða hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi og að ákærður greiði ennfremur kr. 800.000,00 í sekt til ríkissjóðs og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 1. mgr. 136. gr. laga nr. 55/1987, sbr. áður 1. mgr. 72. gr. laga nr. 59/1969, 34. gr. áfengislaga nr. 82/1969 og 8. gr. laga nr. 63, 1969 ber ákærða að sæta upptöku til ríkissjóðs á þeim varningi sem lagt hefur verið hald á í málinu sbr. tollseðla nr. 1102, 1116 og 1193, en það eru 240 lítrar af vodka, 18 $\frac{3}{4}$ l flöskur af rauðvíni, 360 dósir af bjór og 337 $\frac{1}{2}$ lítra brúsar af spiritus (96%).

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærður, Atli Björnsson, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærður greiði ennfremur í sekt til ríkissjóðs krónur 800.000,00 og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa.

Upptækt skal gert til ríkissjóðs 240 lítrar af vodka, 18 $\frac{3}{4}$ l flöskur af rauðvíni, 360 dósir af bjór og 337 $\frac{1}{2}$ lítra brúsar af spiritus, sem lagt var hald á sbr. tollseðla nr. 1102, 1116 og 1193.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.